

Heil og sæl

Hér er smá upplýsing um stöðu mála á Nýsköpunarnets Vesturlands ses. sem þið eruð aðilar að. Sem þið munið var félagið stofnað þann 6. apríl s.l. og þá skipuð stjórn félagsins. Í stjórninni eru:

Gísli Gíslason, formaður (gisli@breid.is)
Rut Ragnarsdóttir, Snæfellsbæ (rut.ragnarsdottir03@gmail.com)
Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor Lbhi (ragnheidur@lbhi.is)
Ólafur Adolfsson, Akranesi (olafur@apvest.is)
Lilja Björg Ágústsdóttir, Borgarbyggð (lilja@opuns.is)
Jóhanna María Sigmundsdóttir, Dalabyggð (johanna@dalir.is)
Ragnar Ingi Sigurðsson, Stykkishólmi (ragnaringi@stykk.is)

Til vara

Jakob Kristjánsson, Dalabyggð (jakob.heima@gmail.com)

Með stjórninni starfar Helga Guðjónsdóttir, SSV (helga@ssv.is)

Hér á eftir fara nokkur atriði sem varða stöðu mála og framhald:

1. Heildar stofnframlög Nývest ses nema 1.350.000 króna. Nokkrar undirskriftir vantar á stofnskjalið og eru þeir eiga eftir að kvitta og eiga leið í gegnum Borgarnes beðnir um að líta við á skrifstofu SSV. Innheimta stofnframlaga er í bígerð og ætti að skila sér til ykkar næstu daga.
2. Meðfylgjandi bréfi þessu er stutt kynning á fyrirhugaðri starfsemi – en ljóst að virk þátttaka stofnfjáreigenda er mikilvæg og því set ég netföng stjórnar og starfsmanns hér að ofan – og bið ykkur að senda okkur línu ef þið eruð með góðar hugmyndir um starfið og verkefni sem mögulegt er að vinna að. Grundvöllur þess að starfið beri árangur er að nýta tengingar og tengsl og efla það tengslanet sem getur orðið að gagni.
3. Heimasíða Nývest má finna á slóðinni **nyvest.is**. Síðan er enn í mótun og góðar ábendingar vel þegnar. Rut Ragnarsdóttir setti síðuna upp og ekki verra að senda henni línu ef þið hafið ábendingar. Sem kunnugt er er Nývest með þjónustusamning við SSV, sem annast daglegan rekstur Nývest. **Helga Guðjónsdóttir** er starfsmaður SSV, en annast framkvæmdastjórn fyrir okkur. SSV hefur þá einnig í undirbúningi samkomulag við Thelmu Harðardóttur, sem mun annast innsetningu efnis á heimasíðuna, en henni má senda upplýsingar um viðburði og fleira sem ætti erindi á síðuna. Netfang hennar er: thelmadh@gmail.com.
4. Stjórn Nývest hefur hist tvívegis á fundum – en mun nú á haustdögum taka upp þráðinn að nýju og ræða verkefni vetrarins. Tvennt hefur m.a. borið á góma sem fyrstu skref:
 - a. Fundur með fulltrúum samvinnurýma og þróunarsetra, háskóla á Vesturlandi og framhaldsskóla. Þar verði m.a. rætt um hvernig tengja megi saman þessa aðila og vinna að verkefnum á sviði þróunar og nýsköpunar.
 - b. Fjárfestakynning fyrir álitleg verkefni. Verkefni sem þetta þarfnast undirbúnings og skoðun á hvernig best sé að standa að verki. Á Norðurlandi vestra var haldin fjárfestakynning, sem tókst mjög vel, en með formi sem kallar á talsverða vinnu og undirbúning. Við munum skoða hvaða aðferðafræði mun henta á Vesturlandi og hvernig finna megi verkefni, sem líklegt er að fjárfestar hafi áhuga á. Nánar um þetta síðar.

5. Styrkir: Á heimasíðu Nývest er að finna upplýsingar um helstu aðila sem veita styrki til nýsköpunar og þróunarverkefna. Nokkur verkefni á Vesturlandi fengu nýlega styrki úr Matvælasjóði og Lóu, en Atvinnuráðgjöf SSV veitir aðstoð við styrkumsóknir ef á þarf að halda. Á þessum vettvangi getum við sótt fram af meiri krafti en áður, hvert heldur einstaklingar eða fyrirtæki.
6. Fjárhagur: Nývest ses. hefur fjármagn til rekstrar út árið 2023 og á næstu vikum og mánuðum mun stjórnin leggja upp áætlun um fjármögnun starfseminnar til lengri tíma. Vert er að nefna að Nýsköpunarnet Vesturlands er að hluta hvati að því verkefni ríkisins að setja upp almenna gátt fyrir aðila í nýsköpun og þróun. Net ríkisins á að þjóna sem fyrsta þrep þeirra sem eru í nýsköpun, en tengjast sambærilegum netum eins og Nývest í þeim landshlutum sem fara þessa leið.

Ekki verður þetta lengra að sinni – en um leið og þökkuð er þátttaka ykkar í stofnun Nýsköpunarnets Vesturlands ses. þá vona ég að virk þátttaka muni auka sýnileka nýsköpunarverkefna á Vesturlandi og árangur á þeim vettvangi. Mikilvægt er að halda til haga því markmiðið með nýsköpun og þróun, hvort heldur er á vegum einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila, er að auka fjölbreytni atvinnulífs, styrkja búsetuskilyrði og efla samstöðu á Vesturlandi til sóknar! Á þessu sviði er mýgrútur tækifæra, sem undir okkur öllum er komið að nýta.

Með bestu kveðju
Gísli Gíslason